

Byggðaaáætlun fyrir Vestfirði

Unnin af sveitarfélögum á Vestfjörðum



*.....Nú skal fagna nýjum vegi,
nýrri sókn með hverjum degi,
láta vesturfirði fá
frama þann sem völ er á.....*

Guðmundur Ingi Kristjánsson

I. Efnisyfirlit

I. Efnisyfirlit	2
II. Inngangur.....	3
III. Verkefni í byggðaaætlun	6
1. Nýting sóknarfæra í atvinnulífi.....	9
1.1 Sjávarútvegur.....	9
1.3 Fiskeldi.....	13
1.4 Líftækni.....	15
1.5 Menningarstarfsemi.....	16
1.6 Varðveisla menningararfleifðar.....	18
1.8 Opinber þjónusta	23
1.9 Iðnaður og orka	25
2. Markvisst þróunarstarf	27
3. Skilvirkt stuðningskerfi atvinnulífs	28
4. Stefnumótun í atvinnugreinum með framleiðslustýringu	29
4.1 Landbúnaður.....	29
4.2 Skógrækt.....	30
5. Efling sveitarfélaga.....	31
6. Búsetuskilyrði	32
7. Efling byggðakjarna.....	34
8. Bættar samgöngur.....	35
8.1 Samgöngur á landi.....	35
8.2 Samgöngur í lofti.....	36
8.3 Samgöngur á sjó	37
9. Greiður aðgangur að fjarskiptum og upplýsingatækni.....	38
10. Aukið alþjóðlegt samstarf.....	40

II. Inngangur

Lögð er fram sérstök byggðaáætlun fyrir Vestfirði til stuðnings þingsályktun um stefnu í byggðamálum 2002-2005 sem lögð hefur verið fram á 126. löggjafarþingi. Öll sveitarfélög á Vestfjörðum ásamt fjölda aðila úr atvinnu-, mennta-, og menningarlífi Vestfjarða hafa unnið áætlunina. Ástæðan er sú að Vestfirðingum þótti hlutur sinn fyrir borð borinn í þingsályktun um stefnu í byggðamálum. Sérstaklega þótti alvarlegur sá tónn er fram kom í ályktuninni um möguleika Vestfjarða til framtíðar. Þar kom m.a. fram að ekki væri ráðlegt að gera ráð fyrir að íbúum fjölgi á Vestfjörðum. Slík skilaboð frá stjórnvöldum til Vestfirðinga eru með ólíkindum og næg ástæða til þess að vinna sérstaka áætlun fyrir landshlutann í byggðamálum.

Byggðaáætlun á að vera þannig úr garði gerð að hún vekji upp bjartsýni í byggðum landsins um að nú séu runnir upp nýir tímar vegna þess að markvissar aðgerðir byggðaáætlunar muni hafa jákvæð áhrif á framtíð viðkomandi byggðar og styrkja hana. Í byggðaáætlun fyrir Vestfirði er markmiðið að fólki fjölgi á svæðinu um svipað hlutfall og á landsvísu og þar verður bjartsýni og uppbygging leiðarljósið.

Það er ætlun skýrsluhöfunda vestfirskrar byggðaáætlunar að hún muni nýtast við gerð endanlegrar byggðaáætlunar fyrir landið í heild. Í vestfirsku áætluninni er tekið undir margt sem kemur fram í þingsályktuninni og verður að lesa þessar tvær áætlanir saman í þeim tilfellum. Margar beinar tillögur eru í áætluninni um ný verkefni sem mikilvægt er að farið verði í á Vestfjörðum. Í mörgum þeirra er fjallað um rannsóknir sem ætlað er að styðja við undirstöðu atvinnuvegin okkar, sjávarútveg. Verði unnið eftir þessum tillögum mun það hafa í för með sér aukna verðmætasköpun, ekki bara fyrir Vestfirði heldur þjóðarbúið allt.

Í áætlun Vestfirðinga er lögð áhersla á að sambærilegar aðstæður séu fyrir jafnt atvinnulíf sem íbúa án tillits til hvar á landinu þeir búa. Er þetta ágætlega í samræmi við þingsályktun um stefnu í byggðamálum.

Auk þess að vestfirsk byggðaáætlun nýtist inn í áætlun fyrir landið allt er hún gott yfirlit yfir fullmótaðar tillögur Vestfirðinga unnar af þeim sjálfum. Því munu sveitarfélög og hagsmunaaðilar á Vestfjörðum nýta sér áætlunina til að koma á framfæri verkefnum sem nauðsynlegt er að vinna að og eru skilgreind í áætluninni verði þau verkefni ekki hluti af endanlegri byggðaáætlun fyrir landið í heild.

Á Ísafirði hefur myndast áhugaverður klasi fyrirtækja í hátæknigeiranum, þjónustuiðnaði, sjávarútvegi og úrvinnslu sjávarafurða. Gríðarlegur styrkur er af miklu samstarfi þessara fyrirtækja og má fullyrða að svona umhverfi sé ekki til

staðar annars staðar á landinu. Fyrirtækin starfa á alþjóðamarkaði að stærstum hluta. Framleiðslan er mismunandi allt frá rækju, sushi, tölvuvogum og færíböndum upp í heilar verksmiðjur sem settar eru upp af fyrirtækjunum hvar í heimi sem kaupandinn vill.

Mikilvægt er að þessi fyrirtæki hafi aðgang að fjármagni og aðstöðu til rannsóknar og þróunar. Rétt er í því samhengi að líta til aðgerða gagnvart iðnaði í öðrum löndum þar sem t.d. þróunarkostnaður fyrirtækja fær ákveðna skattaívilnun í þeim tilgangi að auka verðmætasköpun.

Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005 eru skilgreind tólf stefnumarkandi áherslusvið. Í vestfirski byggðaáætlun er stuðst við 12 stefnumarkandi atriði í byggðaáætlun og gerð tillaga að verkefnum sem falla undir hvern lið. Verkefnin snúa öll að því á einn eða annan hátt að nýta auðlindir Vestfjarða hverju nafni sem þær nefnast. Byggt skal á því sem er sterkt á Vestfjörðum eða sem er sérkenni Vestfjarða.

Sérstakt yfirlit er yfir verkefni í byggðaáætlun fyrir Vestfirði. Þar er hvert verkefni nefnt, hver staða þess er, þ.e. er það nýtt verkefni eða þarf að efla eitthvað sem fyrir er. Þá eru þau skilgreind eftir því hvort þau eru talin tengjast atvinnulífi eða búsetukostum þó auðvitað séu skilin ekki skýr þar á milli. Í yfirlitinu kemur fram að verkefninu eru 84 að tölu sem undirstrikar þá trú sem Vestfirðingar hafa sjálfir á nýsköpun í atvinnulífinu á sínu svæði og þá möguleika sem Vestfirðir hafa til virkilegrar eflingar atvinnulífsins.

Dæmi um tillögur í vestfirskri byggðaáætlun:

- Sjávarútvegur á Vestfjörðum fái notið nálægðar við helstu auðlind sína, fiskimiðin.
- Ísafjarðarbær verði byggðakjarni í samræmi við tillögur byggðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Heilsárssamgöngur verði milli byggðakjarna á Vestfjörðum.
- Átak verði gert í markaðsmálum ferðaþjónustunnar.
- Rannsóknarmiðstöð í þorskeldi verði á Vestfjörðum og svæðið verði fyrsta tilraunasvæði varðandi skipulag í tengslum við eldi.
- Miðstöð rækjurannsókna verði hjá Hafrannsóknastofnun á Ísafirði.
- Atferlis og veiðarfærarannsóknir verði starfræktar í samvinnu rannsóknastofnana á Vestfjörðum.
- Kennsla verði á háskólastigi í tónmennt.
- Endurmat á Menntaskólanum á Ísafirði og hann gerður að móðurskóla fyrir sjómanna- og stýrimannanám á Íslandi.
- Háskólasetur verði stofnað í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Menntaskólann á Ísafirði.

- Snjóflóðarannsóknir verði starfræktar vestra í samræmi við tillögur heimamanna og samþykki Veðurstofu Íslands.
- Fjarlækningasetur Íslands á Vestfjörðum og aukin verkefni heilbrigðisstofnana á svæðinu.
- Fjölmenningarsetrið á Vestfjörðum fái meira fjármagn og verkefni svo það vinni fyrir landið allt í samræmi við áherslur Vestfirðinga og félagsmálaráðherra.
- Virkjunarframkvæmdir smærri aðila og rannsóknir á virkjunarkostum vatns, vinda og sjávarfalla á vegum Orkubús Vestfjarða.
- Orkubú Vestfjarða sjái um orkurekstur í hinu nýja Norðvesturkjördæmi með höfuðstöðvar á Vestfjörðum.
- Nýsköpunarfyrirtæki sem keppa á alþjóðamarkaði eru mörg á Vestfjörðum. Bæta þarf aðgengi þeirra að fjármagni og aðstöðu.
- Efling Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.
- Kalkþörungavinnsla hefur verið í undirbúningi í Arnarfirði og rannsóknir gerðar í Húnaflóa. Tryggja þarf framgang verkefnisins.

Það er hægt að vinna mörg verkefni á Vestfjörðum sem gefa arð í þjóðarbúið hafi íbúar og stjórnvöld trú á því. Með vestfirskri byggðaáætlun eru sveitarfélög á Vestfjörðum að staðfesta trú sinna íbúa á framtíð vestfirskra byggða. Með þátttöku stjórnvalda í þeim verkefnum, þar sem það á við, er auðveldara að takast á við framtíð sem ávallt kemur á óvart en ber ótal tækifæri í skauti sér.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar ásamt bæjarstjóra hefur unnið sem stýrihópur fyrir verkefnið. Vill bæjarráð þakka öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum og þeim fjölmörgu sem komið hafa að vinnunni fyrir gott samstarf. Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og atvinnufulltrúa Ísafjarðarbæjar er sérstaklega þakkað fyrir þeirra þátt í þessari vinnu.

Ísafirði 24. mars 2002

F.h. sveitarfélaga á Vestfjörðum

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar.

Skýringar á orðalagi í dálknum „staða verkefna“:*Hefja undirbúning:*.... Verkefni á hugmyndastigi.*Koma í framkvæmd:*.. Verkefni sem búið er að undirbúa og nú þarf að taka ákvörðun eða gera eitthvað til að hefja verkið.*Efla:*..... Verkefni sem eru komin af stað, í gangi, en nú þarf að efla til að koma þeim enn frekar áfram.

	III. Verkeni í byggðaáætlun	Staða verkefna	Atvinnulíf	Búsetukostir
1	Nýting sóknarfæra í atvinnulífi			
1.1	Sjávarútvegur			
	Ívilnun aflamarks	Hefja undirbúning	X	
	Kvótabanki	Hefja undirbúning	X	
	Efling nýsköpunar í vinnslu og aukin markaðssetning á sjávarafurðum	Efla	X	
1.2	Ferðabjónusta			
	Átak í markaðsmálum	Efla	X	
	Efling Ferðamálasamtaka Vestfjarða	Efla	X	
	Þróunarsjóður ferðabjónustunnar	Hefja undirbúning	X	
	Aukin afþreying	Efla	X	
	Þróunarsvæði í umhverfissvænni ferðabjónustu	Efla	X	
	Nám í ferðamálafræði við MÍ	Hefja undirbúning		X
1.3	Fiskeldi			
	Miðstöð atferlis- og eldisrannsókna	Hefja undirbúning	X	
	Könnun á möguleikum fiskeldis	Efla	X	
	Skipulag strandsvæða	Hefja undirbúning	X	
	Kræklingaeldi	Efla	X	
1.4	Líftækni			
	Rannsóknarverkefni - leit að lífverum	Hefja undirbúning	X	
	Úrvinnsla lífefna frá fiskvinnslu	Hefja undirbúning	X	
1.5	Menningarstarfsemi			
	Efling listnáms við MÍ	Efla		X
	Kennsla á háskólastigi við Tónlistarskóla Ísafjarðar	Hefja undirbúning	X	X
	Uppbygging menningarhúsa	Koma í framkvæmd		X
	Minjavörður fyrir Vestfirði	Koma í framkvæmd	X	
	Uppbygging safna	Efla	X	X
1.6	Varðveisla menningararfleifðar			
	Árneshreppur	Hefja undirbúning		X
1.7	Mennta- og rannsóknastofnanir			
1.7.1	Menntastofnanir			
	Endurmat á rekstrarforsendum MÍ	Koma í framkvæmd		X
	Sjómannna- og stýrimannanám í MÍ	Hefja undirbúning	X	X
	Efling iðnnáms, sveinspróf í héraði	Efla	X	X
	Efling Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða	Efla	X	X
	Efling bókasafna	Efla		X
1.7.2	Rannsóknastofnanir	Hefja undirbúning	X	
	Veifarfararannsóknir	Hefja undirbúning	X	

	Atferlis og eldisrannsóknir á þorski	Hefja undirbúning	X	
	Rækjurannsóknir	Hefja undirbúning	X	
	Snjóflóðarannsóknarmiðstöð	Koma í framkvæmd	X	
	Heilbrigðiseftirlit	Efla	X	
	Rannsóknarstöð í tengslum við verndum Breiðafjarðar	Hefja undirbúning	X	
1.8	Opinber þjónusta			
	Aukin opinber verkefni	Efla	X	
	Fjarlækningastofnun Íslands verði byggð upp	Efla	X	
	Aukin verkefni heilbrigðisstofnana á Vestfjörðum	Efla	X	
	Fjölmeningarsetur á Vestfjörðum	Efla	X	X
	Sauðfjársetur á Ströndum – fjarvinnsluverkefni	Koma í framkvæmd	X	
1.9	Iðnaður og orka			
1.9.1	Iðnaður og orka	Efla	X	
	Kalkþörungavinnsla	Efla	X	
1.9.2	Orka			
	Orkubú Vestfjarða áfram öflugt fyrirtæki	Efla		
	Rannsóknir á virkjunarmöguleikum Hvalár	Hefja undirbúning	X	
	Leit að heitu vatni	Efla	X	X
	Virkunarframkvæmdir smærri aðila	Efla	X	
2	Markvisst þróunarstarf			
	Efling Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða	Efla	X	
	Langtímasamningur milli Atvinnuþróunarfélags og Bygðastofnunar	Koma í framkvæmd	X	
3	Skilvirkt stuðningskerfi atvinnulífs			
	Endurskoðun samkomulags um eignarhaldsfélög	Koma í framkvæmd	X	
	Bygðastofnun veiti stofnstyrki	Hefja undirbúning	X	
	Þróunarsjóður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki	Hefja undirbúning	X	
4	Stefnumótun í atvinnugreinum með framleiðslustýringu			
4.1	Landbúnaður			
	Standa við gildandi búvörusamninga	Efla	X	
	Sláturhús á Ströndum	Hefja undirbúning	X	
	Stuðningur við mjólkurframleiðslu og vinnslu á norðanverðum Vestfjörðum	Efla	X	
	Mjólkurframleiðsla í V-Barð	Efla	X	
4.2	Skógrækt			
	Skjólskógum á Vestfjörðum tryggt áframhaldandi rekstraré	Koma í framkvæmd	X	
5	Efling sveitarfélaga			
	Svæðisskipulag fyrir Vestfirði	Hefja undirbúning	X	
	Bættur tekjumissir vegna breytinga úr	Hefja undirbúning	X	

	einkarekstri í einkahlutafélag			
6	Búsetuskilyrði			
	Flest börn eigi kost á námi í heimabyggð til 18 ára	Efla		X
	Jöfnunarstyrkir vegna náms fjarri heimilum verði hækkaðir	Efla		X
	Efling Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða	Efla	X	X
	Efling þjónustukjarna á hverju svæði Vestfjarða	Efla	X	X
	Uppbygging á aðstöðu til íþrótt- og heilsueflingar	Hefja undirbúning		X
	Endurgreiðsla námslána	Koma í framkvæmd		X
	Lagasetning í byggðamat	Hefja undirbúning	X	X
7	Efling byggðakjarna			
	Ísafjarðarbær verði byggðakjarni fyrir Vestfirði	Hefja undirbúning	X	X
	Þjónusta í öðrum kjörnum verði treyst	Efla	X	X
8	Bættar samgöngur			
8.1	Samgöngur á landi	Efla	X	X
	Heilsárs hringvegur um Vestfirði	Efla	X	X
	Stytting tengingar við þjóðveg 1	Efla	X	X
	Vegir til helstu ferðamannastaða bættir	Efla	X	X
	Brú sem samgöngumiðstöð	Hefja undirbúning		X
	Almenningssamgöngur allt árið í Strandasýslu	Hefja undirbúning		X
	Breiðafjarðarferjan Baldur aflagður – aukið vegafé	Efla	X	X
8.2	Samgöngur í lofti	Hefja undirbúning		X
	Úttekt á skilyrðum vegna flugs til norðanverðra Vestfjarða	Hefja undirbúning	X	X
	Áframhaldandi flug milli N- og S-svæðis Vestfjarða	Efla	X	X
8.3	Samgöngur á sjó	Hefja undirbúning		X
	Samkeppnisstaða hafna	Hefja undirbúning	X	
9	Greiður aðgangur að fjarskiptum og upplýsingatækni			
	Ljósleiðari verði tengdur á alla þéttbýlisstaði	Koma í framkvæmd	X	X
	NMT samband bætt og uppbyggingu GSM hraðað	Efla	X	X
	Úrbætur á grunnþjónustu ljósvakamiðla	Efla		X
	Lokið verði við uppbyggingu breiðbandskerfisins þar sem það er hafið	Koma í framkvæmd	X	X
10	Aukið alþjóðlegt samstarf			
	Alþjóðafulltrúi fyrir Vestfirði ráðinn	Hefja undirbúning	X	

1. Nýting sóknarfæra í atvinnulífi

1.1 Sjávarútvegur

Markmið:

Markmið er að núverandi atvinnulíf á Vestfjörðum fái að njóta nálægð auðlinda svæðisins til að skapa ný sóknarfæri. Helsta auðlind Vestfjarða er fiskimiðin.

Annað aðalmarkmið er að skapa ný sóknarfæri innan vinnslu og sölu afurða, með því að auka hæfni greinarinnar og auka fjármagn til nýsköpunar og þróunar.

Sjávarútvegur hefur verið undirstöðuatvinnuvegur Vestfirðinga frá upphafi byggðar og mun verða það áfram. Aðrar atvinnugreinar hér á Vestfjörðum eru flestar tengdar sjávarútvegi eða byggjast algerlega á honum. Þess vegna hlýtur byggðaáætlun fyrir Vestfirði að byggjast á þeim grunni sem traustastur er.

Í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða segir m.a.: „Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.”

Markmið laganna hefur ekki náðst. Nú er svo komið, eftir 18 ára reynslu af kvótakerfinu, að allar botnlægar fiskitegundir við Íslands eru í sögulegu lágmarki. Árangursleysi fiskveiðistjórnunarinnar hefur sligað sjávarbyggðir landsins og eru Vestfirðir þar engin undantekning. Besta byggðastefna á Íslandi hlýtar að felast í því að fara eftir 1. grein laganna um stjórn fiskveiða, þ.e. að vernda fiskistofnana og byggja upp með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Þegar fiskistofnarnir eru svo illar farnir sem raun ber vitni er löggjafanum skylt að bregðast við og skoða hvort ekki þarf að endurskoða núverandi kerfi sem ekki hefur skilað árangri í verndun fiskistofnana.

Meginhugmynd:

Í byggðaáætlun er ekki fjallað um sjávarútveg undir nýtingu sóknarfæra í atvinnulíf heldur eingöngu undir liðnum stefnumótun í atvinnugreinum með framleiðslustýringu. Það skýtur verulega skökku við að ekki skuli skilgreind sóknarfæri í undirstöðuatvinnugrein landsins og því er sjávarútvegur settur þar í vestfirskri byggðaáætlun.

Sjávarútvegur er atvinnugrein sem er í stöðugri þróun og aðlögun að nýjum aðstæðum. Ný sóknarfæri eru sífellt að skapast m.a. með bættum samgöngum, beinu sambandi við markað og tækninýjungum í vinnslu og flutningi. Aðilar innan greinarinnar verða því sífellt að tileinka sér nýja þekkingu um vinnslu og sölu afurða. Þetta gerist með tvennum hætti, annarsvegar innan stórra rekstareininga sem hafa getu til að byggja upp slíka þekkingu á eigin vegum og hafa stjórn á öllu ferli frá veiðum til neytanda. En hinsvegar innan smárra fyrirtækja sem verða að hafa mikinn sveigjanleika og aðlögunarhæfni til að greina ný tækifæri á markaði.

Sjósókn og vinnsla á fiski er sá grunnur sem atvinnulíf og búseta á Vestfjörðum byggir á. Takmarkaður árangur í uppbyggingu fiskstofna síðustu áratugi hefur dregið úr efnahagsstyrk svæðisins og takmarkað þar með möguleika þess á að byggja upp aðrar atvinnugreinar. Tvískipting stjórnkerfis fiskveiða í smábáta og stærri fiskiskip gaf smábátaútgerðum tækifæri til að byggja sig upp og nýta sér þannig þá auðlind sem nálægð við fiskimiðin er.

Tekið er undir það sem fram kemur í þingsályktun um byggðamál þar sem fram kemur að brýnt sé fyrir útgerðarfyrirtækin og útgerðarstaðina að stöðugleiki ríki í stjórn fiskveiða og ekki sé sífellt verið að breyta lögum og reglum. Slíkt skapar mikið óryggi í atvinnulífi svæðisins og á það jafnt við um útgerðir smábáta og stærri skipa. Báðir þessir flokkar eru mjög mikilvægir fyrir atvinnulíf á Vestfjörðum þ.m.t. uppbyggingu í afleiddum greinum og myndun sjávarútvegsklasa. Til að styrkja grundvöll núverandi byggðar á Vestfjörðum þarf sjávarútvegurinn að eflast frá því sem nú er.

Tillögur að verkefnum:

1. Tillaga er gerð um að frá og með fiskveiðiáramótum 1. september 2002 verði aflí dagróðrabáta á línu ekki að fullu dreginn frá aflamarki þeirra heldur sem nemi 80%. Með þasari aðferð nýtist nálægð við gjöful fiskimið Vestfirðingum betur.

Ábyrgð: Sjávarútvegsráðuneytið

Aðrir þátttakendur:

Tími: Ótímasett

Kostnaður: Óverulegur fyrir stjórnvöld.

2. Tillaga er gerð um stofnun kvótabanka sem hafi að grunni til 1.000 þígl tonn. Sjóðurinn leigi frá sér aflamark til skipa með veiðileyfi. Skilyrði er að skipin séu skrásett á Vestfjörðum og að aflí komi til vinnslu á svæðinu. Að stofnun þessa kvótabanka komi ríki með að lágmarki 50 % á móti framlagi sveitarfélaga og Byggðastofnunar.

Ábyrgð: Sjávarútvegsráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Byggðastofnun, sveitarfélög.

Tími: 2002-2008.

Kostnaður: Heildarupphæð áætluð 1.000 millj.

3. Tillaga er gerð um eflingu nýsköpunar í sjávarútvegi. Tillagan styðst við eftirfarandi tillögur: kafla 1.3. Líftækni tillaga 1., kafla 1.5., menntastofnanir tillaga 2 og 4, kafla 1.5. rannsóknarstofnanir: tillögur 1, 2, 3 og 4. Kafla 1.8. iðnaður tillaga 1, kafla 2 markvisst þróunarstarf: tillaga 1, kafla 3 skilvirkt stuðningskerfi atvinnulífs, tillaga 1, 2 og 3.

Ábyrgð: Sjávarútvegsráðuneytið og fagráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Byggðastofnun, sveitarfélög.

Tími: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

1.2 Ferðaþjónusta

Markmið:

Að skotið verði styrkari stöðum undir ferðaþjónustu sem atvinnugrein á Vestfjörðum.

Meginhugmynd:

Ferðaþjónusta hefur verið ört vaxandi atvinnugrein á Vestfjörðum síðasta áratug og mikil þróun orðið á því sviði. Styrkleikar Vestfjarða í ferðaþjónustu liggja í uppbyggingu á menningarferðamennsku ásamt áherslu á náttúru og umhverfi. Vaxtarmöguleikar eru miklir, en uppbygging í ferðaþjónustu krefst aðgangs að þolinmóðu fjármagni. Til þess að ferðaþjónusta á Vestfjörðum keppi á jafnréttisgrundvelli við önnur svæði er nauðsynlegt að styðja við frekari uppbyggingu grunngerðar s.s. gistiðstöðu, samgöngur þurfa að batna, styðja þarf betur við þau verkefni heimamanna sem farin eru af stað og fjármagn í þróun nýrra afþreyingarmöguleika þarf að aukast. Breyta þarf áherslum í markaðssetningu á landsvísu þannig að gert verði öflugt átak til að hvetja til aukinna ferðalaga utan höfuðborgarsvæðisins utan háannatíma.

Tillögur að verkefnum:

1. Sett verði fjármagn í átak í markaðssetningu Vestfjarða og skipulagningu markaðsmála. Það er mikilvægt að hver landshluti fái tækifæri til að kynna sína sérstöðu og þær áherslur sem svæðið vinnur eftir. Til þess að svo megi verða þarf aukinn opinberan stuðning þar sem flestir þeirra sem starfa að ferðamálum á landsbyggðinni eru smáir og landshlutasamtök ferðaþjónustuaðila með mjög takmarkað fjármagn.

Ábyrgð á framkvæmd: Samgönguráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Ferðamálasamtök Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, sveitarfélög, ferðaþjónustufyrirtæki á Vestfjörðum.

Tími: 2002-2005

Kostnaður: 6 milljónir á ári

2. Ferðamálasamtökin fái aukið fjármagn til að efla starfsemi sína og framfylgja áætlunum sem sniðnar eru að þörfum og áherslum Vestfjarða.

Ábyrgð á framkvæmd: Samgönguráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Ferðamálasamtök Vestfjarða

Tími: 2002-2005

Kostnaður: 1,5 mkr á ári

3. Aðgangur ferðaþjóna á landsbyggðinni að lánsfé til langs tíma á hagstæðum kjörum, verði bættur. Stofnaður verði þróunarsjóður ferðaþjónustunnar sem hefur með höndum lánveitingar til ferðaþjónustu á landsbyggðinni með það að markmiði að styrkja grunngerð ferðaþjónustunnar og auka framboð söluhæfrar vöru. Eins gæti sjóðurinn nýst til markaðssetningar á ferðaþjónustu.

Ábyrgð: Samgönguráðuneyti,

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, Byggðastofnun, Ferðamálasjóður, Lánasjóður landbúnaðarins.

Tímaáætlun:

Kostnaður: Hefur ekki verið áætlaður

Annað: Skoða í samhengi við tillögu nr. 2 í byggðaáætlun um aukna samvinnu opinberra sjóða, nr. 19 uppbygging ferðaþjónustu í dreifbýli.

4. Stuðningur ríkis við atvinnugreinina beinist í auknum mæli að þeim verkefnum heimamanna á hverjum stað sem snúa að uppbyggingu afþreyingar fyrir ferðamenn og bættu aðgengi að landi með merkingum gönguleiða og áhugaverðra staða. Flest þeirra stærri verkefna sem unnið er að í menningarferðaþjónustu á Vestfjörðum falla undir eftirfarandi áherslusvið: Galdrar á Ströndum, Á slóðum Gísla Súrssonar, Að lifa af landinu, Heimsþorpið Vestfirðir, Útgerðar- og verslunarsaga á Vestfjörðum, Vetrarferðamennska. Styðja ber við frumkvæði heimamanna þannig að þau verkefni sem unnið er að komist vel á legg en dagi ekki uppi hálfkláruð.

Ábyrgð á framkvæmd: Samgönguráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Menntamálaráðuneyti, ferðaþjónar heima í héraði, menningarstofnanir, fyrirtæki og einstaklingar.

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn.

5. Vestfirðir verði þróunarsvæði í umhverfissvænni ferðaþjónustu og fái til þess fjárstuðning. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu umhverfissvænnar ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Svæðið hefur tekið þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni í því skyni og hlotið viðurkenningar, bæði innlendar og erlendar. Græn ferðamennska er vaxandi grein innan ferðaþjónustunnar og vegna þess frumkvöðlastarfs sem hefur verið í gangi getur ferðaþjónustan á Vestfjörðum skapað sér sérstöðu en jafnframt byggt upp þekkingu sem nýtist öðrum svæðum landsins.

Ábyrgð: Samgönguráðuneyti og Umhverfisaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Sveitarfélög á Vestfjörðum, Ferðamálasamtök Vestfjarða, ferðaþjónar, fyrirtæki.

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

Annað: Vísað er í 19. tillögu í þingsályktun um stefnu í byggðamálum þar sem fram kemur að lögð sé áhersla á að uppbygging sé háð getu hvers svæðis til að þróa ferðaþjónustu án þess að það komi niður á umhverfislegum, félagslegum eða menningarlegum þáttum svæðisins. Á Vestfjörðum hefur þetta verið haft að leiðarljósi undanfarin ár.

6. Veittur verði sérstakur fjárstyrkur til þess að koma á námi í ferðamálafræðum við Menntaskólann á Ísafirði. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein á Vestfjörðum og ljóst að víða liggja möguleikar til frekari eflingar í framtíðinni. Framhaldsskólanám í þeirri grein væri æskilegt framlag til atvinnusköpunar á svæðinu.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Menntaskólinn á Ísafirði

Tímaáætlun: Náminu verði komið á ekki síðar en haustið 2003

Kostnaður: 2 milljónir

Annað: Vísað er til þess sem fram kemur í 19. tillögu í þingsályktun um stefnu í byggðamálum þar sem fram kemur að fræðsla og starfsmenntun í ferðaþjónustu verði stóraukin.

1.3 Fiskeldi

Markmið:

Rannsaðir verði til hlítar möguleikar og aðstæður til fiskeldis á Vestfjörðum með það markmið að byggja fiskeldi upp sem öfluga atvinnugrein á svæðinu.

Meginhugmynd:

Margt bendir til þess að kjöraðstæður til eldis sjávardýra, þar með talið á þorski, kræklingi, laxi, steinbít séu á Vestfjörðum. Unnið hefur verið að tilraunum og rannsóknum á þessu sviði mörg undanfarin ár og eru Vestfirðingar framarlega hvað varðar þekkingu á t.d. eldi þorsks og kræklingis. Má nefna að um 80% af slátruðum eldisþorski kemur af Vestfjörðum og á Vestfjörðum eru um 70% af strandlengju landsins. Fiskeldi fellur auk þess vel að núverandi atvinnulífi Vestfjarða og ætti því að vera auðvelt að hrinda þessu í framkvæmd.

Tillögur að verkefnum:

1. Á Vestfjörðum verði miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski, samanber tillögu til þingsályktunar þess efnis.

Ábyrgð á framkvæmd: Sjávarútvegsráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Náttúrustofa Vestfjarða, sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum, aðrar rannsóknastofnanir sem starfa á landsvísu.

Tímaáætlun: 2002

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

Annað: Sjá greinargerð með þingsályktun lögð fram á 127 löggjafarþingi 2001-2002, þskj. 904 – 577. mál. Þar segir orðrétt: *Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á laggirnar miðstöð atferlis- og eldis rannsókna á þorski á Vestfjörðum er hafi það hlutverk að standa fyrir og efla rannsóknir á þessu sviði í samvinnu við háskóla- og rannsóknastofnanir. Verði starfsemi rannsókna stofnana á svæðinu eflað í því skyni.* (<http://www.althingi.is/altext/127/s/0904.html>)

2. Gerð verði skipuleg könnun á aðstæðum til fiskeldis á Vestfjörðum, jafnt á ferskvatnsfiski sem sjávarstofnum. Slík úttekt verði unnin undir umsjón Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Náttúrustofu Vestfjarða sem verði styrkt sérstaklega til að gera slíka könnun. Hún verði gerð á hverju svæði Vestfjarða fyrir sig, þ.e. Ströndum, norðanverðum Vestfjörðum, V.-Barð. og A.-Barð.

Ábyrgð á framkvæmd: Sjávarútvegsráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Náttúrustofa Vestfjarða, Hafrannsóknarstofnun.

Tímaáætlun: 2002-2004

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

Annað: Náttúrustofa Vestfjarða, Hafrannsóknarstofnun hafa verið að vinna að rannsóknum á aðstæðum til fiskeldis á nokkrum stöðum í samvinnu við sjávarútvegsfyrirtæki.

3. Farið verði í heildarskipulag strandsvæða og fjarða á Vestfjörðum til að samþætta nýtingu hagsmunaaðila, sem eru t.d. fiskeldi, ferðaþjónusta, hefðbundnar veiðar og

sveitarfélög. Tryggja þarf aðgang og skýr tímabundin ákvæði um veitingu leyfa til fiskeldis. Lagt er til að Vestfirðir verði tilraunasvæði í skipulagi fiskeldis.

Ábyrgð á framkvæmd: Umhverfissráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Sveitarfélög, Náttúrustofa Vestfjarða

Tímaáætlun: 2002-2004

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

Annað: Mikilvægt er að í skipulagslög komi ákvæði sem tryggja stjórnun sveitarfélaga í og á nærliggjandi fjörðum og meðfram ströndum.

4. Frumkvöðlastarf í kræklingaeldi á Vestfjörðum verði stutt þannig að verkefnið komist á skrið. Tilraunir hafa verið gerðar með kræklingarækt í Arnarfirði og lofar verkefnið góðu. Auk þess að skapa atvinnu, mun sú þekking og reynsla sem þar fæst nýtast út fyrir svæðið.

Ábyrgð: Sjávarútvegsráðuneyti,

Aðrir þátttakendur: Landbúnaðarráðuneyti

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

Annað: Um er að ræða nýjung á Íslandi sem erfitt hefur verið að staðsetja í kerfinu og opinber stuðningur verið í lágmarki.

1.4 Líftækni

Markmið:

Auka verðmæti sjávarfangs og nýta þá kosti sem Vestfirðir hafa upp á að bjóða í líftækni.

Meginhugmynd:

Tekið er undir tillögu 16 í þingsályktun um stefnu í byggðamálum sem fjallar um aukið verðmæti sjávarfangs – líftækni. Á Vestfjörðum eru ákjósanlegra aðstæður fyrir ákveðin svið líftækni. Annarsvegar þar sem samþjöppun á hráefni fyrir úrvinnslu lífefna, s.s. rækjuskel og slóg og annar úrgangur frá bolfiskvinnslu. Hins vegar ákjósanlegar landfræðilegar aðstæður til söfnunar sjávarlífvera tilliti rannsókna á lífefnum og eða erfðaefnis. Slíka rannsókn er hægt að samþætta rannsóknum á umhverfisaðstæðum vegna fiskeldis. Mikilvægt er að rannsóknastofnunum á svæðinu verði gert kleift að taka þátt í rannsóknaverkefnum á þessu sviði í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu.

Tillögur að verkefnum:

1. Í tengslum við umhverfisrannsóknum vegna fiskeldis verði hrint af stað rannsóknaverkefni varðandi skipulega leit að lífverum með áhugaverð efni fyrir líftækniíðnað. Rannsóknastofnanir á svæðinu verði eflar til að geta tekið þátt í slíku verkefni.

Ábyrgð á framkvæmd: Sjávarútvegsráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Fagráðuneyti; iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti.

Náttúrustofa Vestfjarða, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, líftæknifyrirtæki og fyrirtæki á svæðinu

Tími: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

2. Gerð verði greining á möguleikum á grófvinnslu og eða úrvinnslu lífefna úr rækjuskel og öðrum verðmætum sem til falla í bolfiskvinnslu. Rannsóknastofnanir á svæðinu verði eflar til að geta tekið þátt í slíku verkefni.

Ábyrgð á framkvæmd: Sjávarútvegsráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Fagráðuneyti; iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti.

Náttúrustofa Vestfjarða, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, líftæknifyrirtæki og fyrirtæki á svæðinu

Tími: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

1.5 Menningarstarfsemi

Markmið: Að öflugt menningarlíf á Vestfjörðum verði áfram sterkur þáttur í þeim lísgæðum sem felast í búsetu á Vestfjörðum, auk þess sem það eykur fjölbreytni atvinnulífs.

Meginhugmynd:

Menningarlíf hefur löngum verið blómlegt á Vestfjörðum og einn hornsteina samfélagsins. Tónlistarkennsla er rótgróin á Vestfjörðum og annað listnám í formi námskeiða hefur verið að sækja í sig veðrið. Vilji er til þess að færa listkennslu á annað stig en nú er og skapa þannig aukin tækifæri bæði til að njóta og nema. Vestfirðingar hafa sýnt frumkvæði og vakið athygli fyrir að skapa ungu fólki tækifæri til að rækta menningu sína og litið á það sem lið í forvarnarstarfi. Aðstaða er forsenda þess að áhugamennskan blómstri og auk þess nauðsynlegt til þess að þjóðmenningarstofnanir geti sinnt hlutverki sínu sem menningarstofnanir alls landsins sbr. 17. tillögu í þingsályktun um stefnu í byggðamálum. Því ber að leggja áherslu á uppbyggingu aðstöðu til menningarstarfssemi.

Tillögur að verkefnum:

1. Menntaskólanum á Ísafirði verði gert kleift að efla listnám sitt til muna. Á Ísafirði eru starfandi Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar með aðkoma margra aðila. Menntaskólinn hefur viljað meta listnám þeirra nemenda sem einnig sækja nám við Menntaskólann og efna til samvinnu við listaskólann um skipulagt nám sem geti að hluta til farið fram við skólann í formi bóknáms. Þar með næst æskilegt samstarf milli menntastofnana á svæðinu, sem er til þess fallið að treysta grundvöll listnáms um leið og námsframboð er aukið til samræmis við þarfir svæðisins.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneytið, Menntaskólinn á Ísafirði

Aðrir þátttakendur: Menntaskólinn á Ísafirði, Tónlistarskóli Ísafjarðar, Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar, Tónlistarskólinn í Bolungarvík.

Tímaáætlun: Námið verði tekið upp við Menntaskólann á Ísafirði haustið 2002

Kostnaður: 2 milljónir

Annað: Vísað er í texta um menningarstarfsemi í kafla II í tillögu um stefnumótun í byggðamálum þar sem fram kemur að efla skuli kennslu í listgreinum á landsbyggðinni.

2. Hafin verði kennsla á háskólastigi við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Með aukinni kröfu um tónmenntarkennslu í grunnskólum er þörf á fleiri fagkennurum á því sviði. Með því að bjóða grunnskólakennurum með tónlistarþekkingu sem og öðrum (sem standast ákveðin skilyrði) upp á kennaranám í tónmenntum má svara þessari þörf. Tónlistarskólinn á Ísafirði hefur á að skipa mjög hæfum kennurum og þá aðstöðu sem þarf til að taka verkefnið að sér, möguleika í samstarfi við aðrar menntastofnanir innan eða utan svæðisins.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Listaháskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Tónlistarskóli Bolungarvíkur og Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar.

Tímaáætlun: Til frambúðar

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

Annað: Vísað er í texta um menningarstarfsemi í kafla II í tillögu um stefnumótun í byggðamálum þar sem fram kemur að efla skuli kennslu í listgreinum á landsbyggðinni.

3. Hraðað verði fyrirætlunum varðandi uppbyggingu menningarhúsa á Vestfjörðum. Ljóst er að skjót uppbygging menningarhúsa skapar aðstöðu og faglegt umhverfi fyrir menningarlíf í héraði og gefur um leið aukna möguleika á samvinnu við þjóðmenningarlegar stofnanir. Jafnframt verði opnaðar leiðir fyrir stuðning ríkisvaldsins við endurbætur á félagsheimilum í þeim tilfellum sem þau falla ekki undir sérstakt menningarhúsaátak.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Fjórðungssamband Vestfirðinga, einstök sveitarfélög og menningarhópar á svæðinu.

Tímaáætlun: Verði lokið fyrir árslok 2002

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

Annað: Vísað er í texta um menningarstarfsemi í kafla II í tillögu um stefnumótun í byggðamálum þar sem fram kemur að byggja þurfi upp góða aðstöðu fyrir listsýningar og listviðburði. Jafnframt er bent á 17. tillögu í kafla III þar sem fjallað er um mikilvægi þess að þjónmenningarstofnanir bæti þjónustu sína við landsbyggðina.

4. Staðið verði við fyrirætlunir um ráðningu sérstaks minjavarðar fyrir Vestfirði. Fornleifarannsóknur hefur lítið verið sinnt í fjórðungnum til þessa. Slíkt starf er orðið afar aðkallandi og nauðsynlegt að staðið verði við áætlun um að skipa sérstakan minjavörð fyrir Vestfirði.

Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Fornminjavernd

Tímaáætlun: Verði lokið fyrir árslok 2002

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

Annað: Vísað er í 17. tillögu í kafla III í tillögu um stefnumótun í byggðamálum þar sem fram kemur að verkefni á sviði rannsókna, varðveislu og miðlunar menningar séu orðin mjög aðkallandi.

5. Ríkið styðji áframhaldandi uppbyggingu safna, sýninga og fræðasetra á Vestfjörðum. Á undanförunum árum hefur verið lögð sífellt meiri áhersla á menningartengda ferðaþjónustu. Söfnin hafa verið mikilvægur hlekkur í þeirri keðju og ljóst að efling þeirra er nauðsynleg fyrir áframhaldandi uppbyggingu á þessu sviði.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Sveitarfélög, söfn og fræðasetur á Vestfjörðum

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

Annað: Vísað er í texta um menningarstarfsemi í kafla II í tillögu um stefnumótun í byggðamálum þar sem fram kemur að efla þurfi starfsemi þeirra safna sem fyrir eru.

1.6 Varðveisla menningararfleifðar

Markmið:

Að varðveita menningarlega fjölbreytni, treysta búsetu og vernda menningar-og búsetuminjar í Árneshreppi á Ströndum.

Meginhugmynd:

Menningar og líffræðileg fjölbreytni er mikilvæg forsenda sjálfbærrar þróunar. Jaðarbyggðir Íslands endurspeglar vel tengsl þjóðarinnar við landið í aldanna rás og með hvaða hætti þjóðin nýtti sér gæði þess til lífsviðurværis. Jaðarbyggðirnar eru því afar mikilvægur þáttur í menningarsögu þjóðarinnar. Þessum byggðum fækkar ár frá ári og ef ekkert verður að gert glatast brátt fyrir fullt og allt mikilvæg tengsl þjóðarinnar við landið og fortíðina. Vernda þarf með sértækum aðgerðum þann menningararf sem felst í öfluglu mannlífi og lifandi byggð á jaðarsvæðum. Árneshreppur á Ströndum er að mörgu leyti einstök jaðarbyggð, landfræðilega afmarkaður, tiltölulega þéttbýll og þar er að finna fjölbreytilegar minjar um búsetu atvinnuhætti og sögu þjóðarinnar. Nauðsynlegt er að grípa til sértækra ráðstafana til að verja byggð í Árneshreppi á Ströndum.

Tillögur að verkefnum:

1. Tillögum Landverndar um sérstakt átak varðandi verndun búsetu og menningarminja í Árneshreppi verði framfylgt. Á þeim vettvangi er búið að vinna mikla undirbúningsvinnu og enn fremur liggur fyrir þingsályktunartillaga þingmanna Vestfjarða í þessum efnunum. Nú er beðið eftir ákvörðun ríkisstjórnar um að leggja fjármagn í þetta verkefni og hefjast handa við að framfylgja áætluninni.

Ábyrgð: Umhverfisráðuneyti í samvinnu við fagraráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Árneshreppur, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Ferðamálafélag Vestfjarða, Byggðastofnun og fleiri.

Tímaáætlun: 10 ára verkefni, endurmetið annað hvert ár.

Kostnaður: Án samgöngu- og fjarskiptakostnaðar er heildarkostnaður 45.000.000,- eða 4,5 milljónir á ári. Gera má ráð fyrir að helmingur þessa kostnaðar falli til hvort sem ráðist verður í verkefnið eða ekki, vegna t.d. skipulagsskyldu sveitarfélaga o.fl.

Annað: Norræna ráðherranefndin hefur ályktað um verndun menningarsamfélaga. Er Árneshreppur sérstaklega nefndur þar.

1.7 Mennta- og rannsóknastofnanir

1.7.1 Menntastofnanir

Markmið:

Að á öllum svæðum Vestfjarða verði aðgangur að námi á öllum skólastigum, staðbundið nám eða fjarnám.

Meginhugmynd:

Menntaskólanum á Ísafirði verði sköpuð eðlileg starfsskilyrði og möguleikar á að efla sig með auknu námsframboði. Lögð verði áhersla á eflingu iðnnáms og nenum gert mögulegt að taka sveins- og meistaraþróf á Vestfjörðum með sama hætti og þeir geta tekið stúdentsþróf á Vestfjörðum. Áfram verði haldið uppbyggingu háskólanáms á Vestfjörðum þannig að lykilstaðir á hverju svæði Vestfjarða hafi aðgang að náminu. Fræðslumiðstöð Vestfjarða verði eflað þannig að hún geti betur sinnt hlutverki sínu í uppbyggingu náms á háskólastigi og eflingu símenntunar. Veitt verði framlag af fjárlögum til aðstöðusköpunar fyrir háskólanema. Við uppbyggingu frekari námsmöguleika á Vestfjörðum verði þess sérstaklega gætt að önnur svæði en norðanverðir Vestfirðir geti einnig nýtt sér námið í gegnum fjarfundabúnað, tölvu eða með öðrum hætti.

Tillögur að verkefnum:

1. Rekstrarforsendur Menntaskólans á Ísafirði verði endurmetnar inni í hinu svokallaða reiknilíkani sem markar skólanum fjárhagsramma. Að fjárhagsþarfir skólans og forsendur þeirra liggi fyrir í hinni árlegu fjárlagavinnu án þess að sækja þurfi um aukafjárveitingar vegna einstakra þátta í starfseminni ár eftir ár. Starfsskilyrði Menntaskólans á Ísafirði eru nokkuð önnur en stærri þéttbýlisskóla. Samgönguörðugleikar og aðrir staðhættir hér gera það að verkum að markaðssetning skólans er þyngri í vöfum en ella væri, auk þess sem reksturinn verður hlutfallslega dýrari en þar sem hagkvæmni stærðarinnar er til staðar. Því er mikils um vert, þegar verið er að reikna rekstrarforsendur skólans, að sérskilyrði hans komi betur fram í reiknilíkaninu sem notað er í fjárlagagerðinni og ræður fjárveitingum til framhaldsskólanna.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Menntaskólinn á Ísafirði

Tímaáætlun: Þessu verði lokið fyrir árslok 2002

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

2. Menntaskólinn á Ísafirði verði gerður að móðurskóla fyrir sjómanna- og stýrimannanám á Íslandi. Styðja þarf við verknám í þeim greinum sem eru atvinnuskapandi fyrir Vestfirði, greinum þar sem þekking og búnaður eru fyrir hendi á svæðinu. Vestfirðir eru sjávarútvegssvæði sem ætti tvímælalaust að vera miðstöð þekkingarsköpunar í sjávarútvegsfræðum af öllu tagi. Vélstjórnarnám er nú þegar í boði við Menntaskólann á Ísafirði, og í bænnum er atvinnuhúsnæði sem hentar vel undir bæði bóklega og verklega kennslu í þessum fræðum. Skólanum er ekkert að vanbúnaði að taka yfir þetta nám og þar er vilji til staðar.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Menntaskólann á Ísafirði, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Tímaáætlun: Verði hrint í framkvæmd fyrir skólaárið 2003-2004.

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn.

3. Unnið verði að því að efla iðnnám á Vestfjörðum og nemum gert kleyft að taka sveins- og meistaraþróf á Vestfjörðum með sama hætti og þeir geta tekið stúdentsþróf.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Menntaskólinn á Ísafirði, iðnfyrirtæki á Vestfjörðum.

Tímaáætlun: Verði komið á á skólaárinu 2002-2003

Kostnaður: Kostnaður er óverulegur og jafnvel sparnaður.

4. Tekið er undir tillögu nr. 1 í þingsályktun um stefnu í byggðamálum sem fjallar um eflingu símenntunarmiðstöðvar á Vestfjörðum. Lögð er rík áhersla á að stofnað verði sérstakt háskólasetur á Ísafirði til að veita háskólanámi þá umgjörð sem nauðsynlegt er. Lögð er áhersla á að tryggja að framlag til rekstrar Fræðslumiðstöðvarinnar standi undir þeim verkefnum sem miðstöðinni er ætlað að sinna. Uppbygging háskólanáms er annar af lykilþáttunum í starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar en hinn þátturinn er endur- og símenntun.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

5. Bókasöfn á Vestfjörðum verði eflað þannig að þau geti mætt nýjum kröfum sem tilkomnar eru vegna aukins náms á háskólastigi á svæðinu og vaxandi fjölmenningsarlegs samfélags. Bæjar- og héraðsbókasafnið á Ísafirði hefur sýnt mikið frumkvæði í þessum málum, bæði í stuðningi við háskólanema og þjónustu við íbúa sem eru af erlendu bergi brotnir.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Félagsmálaráðuneyti, bókasöfn, sveitarfélög, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fjölmenningssetur á Vestfjörðum

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: 14 milljónir

1.7.2 Rannsóknastofnanir

Markmið:

Að sú sérþekking, rannsóknaraðstaða og samstarfsnet sem nú þegar er til á rannsóknarstofnunum á Vestfjörðum, verði eflað og nýtt enn betur til stuðnings atvinnulífs á svæðinu og á landsvísu.

Meginhugmynd:

Á Ísafirði er útibú frá Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun sjávarútvegsins, Matra og í Bolungarvík er Náttúrustofa Vestfjarða. Þessar stofnanir gegna allar mikilvægu hlutverki á svæðinu, ýmist með staðbundnum rannsóknum eða verkefnum á landsvísu. Með aðild að

Þróunarsetri Vestfjarða mynda þessar stofnanir samstarfsvettvang sem tengir þær við fleiri svæðisbundnar stofnanir s.s. Atvinnuþróunarfélag, Fræðslumiðstöð og Fjórðungssamband. Möguleikar eru einnig að skapast um samstarf við háskóla með uppbyggingu menntunar og rannsókna á framhalds- og háskólastigi. Til staðar er því mikil sérfræðipækning, öll aðstaða og samtenging sem eykur getu þessara stofnana til að taka við verkefnum. Einnig skapar þetta aðlaðandi umhverfi fyrir nýjar rannsóknarstofnanir.

Það takmarkar hinsvegar þessa uppbyggingu, að í framlögum til þessara útibúa eða stofnana, er ekki á markvissan hátt gert ráð fyrir slíku samstarfi. Nauðsynlegt er einnig að á vegum Þróunarsetursins, sé að finna starfskrafta til að koma að undirbúningi og skipulagningu samstarfsverkefna.

Tillögur að verkefnum:

1. Komið verði á fót rannsóknardeild við útibú Hafrannsóknarstofnunar á Ísafirði sem sinni rannsóknum á atferli fiska með það að markmiði að bæta veiðitækni og auka valvirkni. Deildin skal sinna þessu verkefni með tilliti til þarfa bæði fiskeldis og almennra fiskveiða. Hér er um að ræða rannsóknarstarfsemi sem lítið hefur verið sinnt undanfarin ár og því auðvelt að byggja upp á Vestfjörðum.

Ábyrgð á framkvæmd: Sjávarútvegsráðuneytið í samstarfi við fagráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Hafrannsóknarstofnun, háskólar, rannsóknarstofnanir, fyrirtæki með sérfræðipækningu á þessu sviði.

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

2. Komið verði á fót miðstöð á Vestfjörðum í atferlis- og eldisrannsóknum á þorski – sjá tillögu undir fiskeldi.
3. Miðstöð rækjurannsókna á Íslandi verði hjá útibúi Hafrannsóknarstofnunar á Ísafirði. Frá upphafi hefur útibúið tekið mikinn þátt í rannsóknum á rækju. Ísafjarðardjúp er vagma rækjuveiða á Íslandi og í kringum veiðar og vinnslu rækju hefur skapast mikil sérþekking á svæðinu. Til að undirstrika þetta er gerð tillaga um að gera Dröfnina, rannsóknarskip Hafrannsóknarstofnunar út frá Ísafirði. Þetta myndi styrkja starfsemi útibús Hafrannsóknarstofnunar á Ísafirði og fyrirtæki sem starfa í rækjuveiðum. Hér er átt við fyrirtæki sem starfa við vinnslu rækju og framleiðslu búnaðar til veiða og vinnslu.

Ábyrgð á framkvæmd: Sjávarútvegsráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Hafrannsóknarstofnun,

Tímaáætlun: 2002-2003

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

Annað: Nú er í gangi endurskipulagning á útgerðarþætti Hafrannsóknarstofnunar og er lag að tryggja stofnuninni það fjármagn sem nauðsynlegt er til að sinna rannsóknum á mikilvægustu og verðmætustu auðlind landsins.

4. Með Þróunarsetri Vestfjarða hefur skapast frjór vettvangur fyrir aukið samstarf rannsóknarstofnana og útibúa. Í framlögum til þeirra þarf að gera ráð fyrir þátttöku í slíku samstarfsneti og auka svigrúm til aðildar undirbúningi og stjórnun samstarfsverkefna.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti ásamt fagráðuneytum

Aðrir þátttakendur: Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matra, Náttúrustofa Vestfjarða, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Skjólsgógar, Búnaðarsamband Vestfjarða.

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

5. Hrint verði í framkvæmd ákvörðun um stofnun snjóflóðarannsóknamiðstöðvar á Ísafirði. Miðstöðin skal sinna mælingum og rannsóknum á snjóflóðum og skriðuföllum, uppmælingar á flóðum, gagnasöfnun og skráningu, rannsóknum á virkni varnargarða og tilraunum með nýja, rannsóknum á samgöngumannvirkjum, vegstæðum og jarðgöngum, könnun á áhrifum varnarvirkja á skipulag og byggð. Stofna strax skrifstofu með 4 - 6 starfsmönnum í samvinnu samgöngu- og umhverfisráðuneyta sem fengi sérstaka fjárveitingu í rannsóknir á vegstæðum og áhrifum ofanflóða á mannvirki.

Ábyrgð á framkvæmd: Umhverfisráðuneyti í samstarfi við fagráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Veðurstofan, Vegagerðin, Náttúrustofa Vestfjarða, Landmælingar Íslands, Landsbjörg o.fl.

Tímaáætlun: 2002-2003

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn.

Annað: Það liggur fyrir minnisblað veðurstofustjóra Magnúsar Jónssonar þar sem hann lýsir yfir vilja til að hrinda þessu í framkvæmd. Ekki er til fjármagn innan Veðurstofunnar til þess og verður fjármagnið að koma annarstaðar frá. Umhverfisráðherra hefur tvisvar sótt um fjárveitingu til undirbúnings verkefnisins en ekki fengið.

6. Efling heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum m.a. með tilflutningi verkefna frá Hollustuvernd. Aukin áhersla á fiskeldi kallar einnig á öflugra starf slíkra stofnanna í héraði. Samræming á heilbrigðiseftirliti á Íslandi er nú í endurskoðun og liggur fyrir tillaga um flutning þessa verkefnis frá sveitarfélögum til ríkis. Rekstur þessa málaflokks hefur í áratugi verið á vegum sveitarfélaganna, þar sem byggst hefur upp fagþekking og starfsreynsla í héraði. Telja verður að framangreind tillaga í byggðaáætlun sé í andstöðu við önnur meginmarkmið áætlunnar um eflingu starfsemi og þekkingu í héraði.

Ábyrgð á framkvæmd: Umhverfisráðuneytið í samstarfi við fagráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Sveitarfélögin, Hollustuvernd, eftirlitsstofnanir fiskeldis.

Tímaáætlun: 2002

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn.

7. Á Reykhólum verði reist rannsóknarstöð í tengslum við verndun Breiðafjarðar. Stöðin hafi með höndum rannsóknir á náttúru og lífríki Breiðafjarðar. Slík rannsóknarstöð getur tengst uppbyggingu hlunnindasafns sem unnið hefur verið að í Reykhólahreppi.

Ábyrgð á framkvæmd: Umhverfisráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti,

Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Vestfjarða, Náttúrustofa Vesturlands, Reykhólahreppur.

Tímaáætlun: 2002 - 2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

Annað: Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar getur ráðherra heimilað Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands að standa saman að starfsrækslu náttúrurannsóknastöðvar á svæðinu.

1.8 *Opinber þjónusta*

Markmið:

Að störfum í opinberri þjónustu á Vestfjörðum fjölgi og þekking og reynsla núverandi þjónustustofnana verði nýtt til fullnustu.

Meginhugmynd:

Tekið er undir þau sjónarmið sem fram koma í þingsályktun um byggðamál að leggja beri áherslu á að störfum og verkefnum í opinberri þjónustu verði fjölgað utan höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er fyrir Vestfirði að hið opinbera styrki starfsemi sína á svæðinu og nýti sér þær stofnanir sem eru til staðar, bæði til að auka staðbundna þjónustu og til að vinna verkefni á landsvísu.

Tillögur að verkefnum:

1. Ríkið standi við þá fyrirætlun sína að nýta sér þá starfsemi sem er fyrir á stöðunum þegar verið er að bæta við störfum hjá hinu opinbera. Þannig verði nýtt sú þekking og aðstaða sem til er á hverju svæði og stofnanir þar eflar með verkefnum frá ríkinu.

Ábyrgð á framkvæmd: Málið er þess eðlis að það snertir flest ráðuneyti. Ábyrgð hjá forsætisráðuneyti í samstarfi við félagsmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti

Aðrir þátttakendur:

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

Annað: Bent er á tillögur nefndar sem sett var á laggirnar samhliða nefnd um endurskoðun kjördæmaskipunar og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin skilaði tillögum um áætlun ráðuneyta um tilflutning opinberra starfa sem ríkisstjórn Íslands lagði áherslu á að hrint yrði í framkvæmd á skipulegan hátt (sjá framsögu fjármálaráðherra 11. apríl 2000).

2. Sett verði fjármagn í Fjarlækningastofnun Íslands ses sem stofnuð var á Ísafirði í árslok 2001. Fjarlækningar eru tiltölulega skammt á veg komnar en með stofnun Fjarlækningastofnunar Íslands hafa Vestfirðir tekið frumkvæði á þessu sviði. Umhverfi til þróunar fjarlækninga þykir mjög hentugt þar sem Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ er öflug stofnun og myndar kjarnann í neti smærri stofnana og heilsugæslustöðva af ýmsum stærðum. Á svæðinu eru einnig framsækin og hentug tækni- og tölvufyrirtæki auk þess sem stór fyrirtæki utan svæðis hafa lýst áhuga á samstarfi. Nokkur þeirra hafa þegar ritað undir viljayfirlýsingu við Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.

Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðisráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, tækni – og tölvufyrirtæki á Vestfjörðum

Tímaáætlun: 2002-2003

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

3. Gerð verði könnun á því hvort ekki megi nýta betur þær heilbrigðisstofnanir sem eru á Vestfjörðum. Í kjölfarið verði unnin áætlun um hvernig auka megi verkefni þessara stofnana og henni hrint í framkvæmd.

Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðisráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Heilbrigðisstofnanir á Vestfjörðum

Tímaáætlun: 2002-2003

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

4. Fjölmeningarsetur á Vestfjörðum er starfssemi sem þarf að efla til að nýta þá möguleika sem eru til staðar í vestfirsku samfélagi. Um er að ræða þriggja ára tilraunaverkefni sem hófst vorið 2001. Starfssemi Fjölmeningarseturs hefur þegar skilað góðum árangri en verkefnið er það viðamikilið að einn starfsmaður getur ekki sinnt öllum þeim viðfangsefnum og þróunarstarfi sem nauðsynlegt er. Því er nauðsynlegt að bætt verði við stöðugildum hjá Fjölmeningarsetri til að ná þeim markmiðum sem sett voru með þessum tilraunaverkefnum.

Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Fjölmeningarsetur á Vestfjörðum, sveitarfélög á Vestfjörðum

Tímaáætlun: 2002-2003

Kostnaður: 7 milljónir á ári

5. Stjórnvöld beiti sér fyrir því að verkefni tengd rannsóknum, útgáfu og miðlun, ásamt skrifstofu- og skráningarstörfum sem tengjast sauðfjárrækt og búskap verði flutt til Sauðfjárseturs á Ströndum sem nú er í undirbúningi. Tækifæri til þess skapast m.a. þegar ný opinber störf verða til í greininni (t.d. vegna gæðastjórnunar) og hins vegar má flytja verkefni sem nú eru unnin syðra þegar tækifæri gefast vegna mannaskipta.

Ábyrgð á framkvæmd: Landbúnaðarráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Sauðfjársetur á Ströndum, Bændasamtök Íslands, Búnaðarsamband Strandamanna, Leiðbeiningamiðstöð Húnaþings og Stranda, sveitarfélög á Ströndum

Tímaáætlun: Fyrir árslok 2003

Kostnaður: Enginn umfram það sem nú fer í þennan málaflokk

1.9 Iðnaður og orka

Markmið:

Byggja upp þekkingar- og rannsóknarumhverfi í tengslum við klasa iðn- og sjávarútvegsfyrirtækja á norðanverðum Vestfjörðum. Tryggð verði uppbygging kalkþörungavinnslu við Arnarfjörð og Húnaflóa. Smærri iðnfyrirtæki fái aðgang að fjármagni til endurskipulagningar á rekstri. Möguleikar stóriðnaðar verði kannaðir samhliða könnun á virkjunarkostum.

Meginhugmynd:

Á norðanverðum Vestfjörðum hefur myndast klasi; hátæknifyrirtækja, þjónustuiðnaðar og sjávarútvegsfyrirtækja. Þessi staða hefur gert tæknifyrirtæki samkeppnishæf á alþjóðlegum markaði í sérhæfðum tæknilausnum í sjávarútvegi. Slíkt umhverfi er ekki til staðar annars staðar á landinu og því er hér kjörumhverfi til að auka samkeppnisstöðu Íslands á þessu sviði.

Í Arnarfirði og Húnaflóa eiga nú sér stað rannsóknir á vinnslu kalkþörungs af hafsbotni, verulegar líkur eru á að hér sé um að ræða auðlind sem nýta má á hagkvæman hátt. Tryggja þarf fé til að ljúka nauðsynlegum rannsóknum á auðlindinni. Einnig til hönnunar og síðar til framkvæmda við hafnir og annað stoðkerfi fyrir verksmiðjubyggingu.

Erfiðleikar í frumatvinnugreinum hafa á síðasta áratug leikið grátt efnahag iðn- og þjónustufyrirtækja. Þau hafa reynt að aðlaga sig breyttum aðstæðum en nauðsyn er á fjármagni til endurskipulagningar á rekstri.

Orkufrekur iðnaður verði skilgreindur sem eitt af sóknarfærum í atvinnulífi en samkvæmt texta byggðaáætlunar eru ekki áform um stóriðju á Vestfjörðum. Hins vegar hafa verið rannsóknir á virkjunarkostum á Vestfjörðum, t.d. Glámuvirkjun, auk hugmynda um virkjun Hvalár í Ófeigsfirði. Lögð er áhersla á að orka nýtt til atvinnuuppbyggingar í héraði en þó á þann hátt að sá iðnaður sé í sátt við ósnortið umhverfi Vestfjarða.

Tillögur að verkefnum - iðnaður:

1. Áfram verið stutt við fyrirætlanir um vinnslu kalkþörunga. Könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu í Arnarfirði og á Húnaflóa er á lokastigi. Sterkar vísbendingar eru um að hér sé um hagkvæmt verkefni að ræða sem skapað getur a.m.k. 15 störf. Stuðningur stjórnvalda við þetta verkefni er nauðsynlegur til að ljúka rannsóknum, framkvæmdum vegna verksmiðjulóðar og hafna og hugsanlega vegna orkumála.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Íslenska kalkþörungafélagið, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, sveitarfélög

Tímaáætlun: 2002-2004

Kostnaður: 200 milljónir (miðað við hafnarframkvæmdir og viðlegukant)

Annað: Tryggja þarf aðgang að auðlindinni með útgáfu vinnsluleyfis til langs tíma. Staðfestur er áhugi erlendra fjárfesta á verkefninu.

Tillögur að verkefnum – orka

1. Orkubú Vestfjarða hf. er öflugt orkufyrirtæki með víðtæka þekkingu og reynslu í rekstri virkjana og dreifikerfis. Fyrirtækið er með stærri vinnuveitendum á Vestfjörðum og mikilvægur hluti í fjölbreytni atvinnulífs. Hægt er að efla fyrirtækið

enn frekar á Vestfjörðum með því að taka við auknum verkefnum. Dæmi um slík verkefni er stækkun rekstrarsvæðis til nálægra landshluta og auknar rannsóknir á virkjunarkostum, vatns, vind- og sjávarfalla. Með þessum hætti getur eigandi þess, íslenska ríkið, náð að styrkja og efla fyrirtækið og þar með störf á Vestfjörðum.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti
Aðrir þátttakendur: Orkubú Vestfjarða hf.
Tímaáætlun: 2002-2005
Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

2. Orkustofnun og Orkubú Vestfjarða hf. ljúki hið fyrsta við nauðsynlegar rannsóknir til að hægt verði að taka ákvörðun um virkjun Hvalár í Ófeigsfirði. Jafnframt verði skoðaðir möguleikar á að nýta orkuna til atvinnuuppbyggingar og iðnaðar á Ströndum eða í fjórðungnum.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti
Aðrir þátttakendur: Orkustofnun, Orkubú Vestfjarða hf.
Tímaáætlun: 2002-2005
Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

3. Farið verði í stóratak í leit að heitu vatni á Vestfjörðum í samstarfi við Orkubú Vestfjarða hf. Orkusjóði verði gert kleift að fjármagna slíkt átak. Samhliða verði skoðaðir nýtingarmöguleikar, s.s. til húshitunar, raforkuframleiðslu, fiskeldis, lífefnaiðnaðar o.s.frv.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti
Aðrir þátttakendur: Orkusjóður, Orkustofnun, Orkubú Vestfjarða hf.
Tímaáætlun: 2002-2005
Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

4. Bændum og öðrum aðilum sem hyggjast reisa smærri virkjanir verði veitt aðstoð og nauðsynlegar rannsóknir gerðar til að undirbúa öfluga ráðgjöf á þessu sviði. Upplýsingar og rannsóknir verði gerðar aðgengilegar. Jafnframt verði tryggt aðgengi að lánsfé til slíkra framkvæmda og málum þannig fyrir komið að menn geti hindrunarlaust selt orku inn á dreifikerfi.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti
Aðrir þátttakendur: Orkustofnun, Orkubú Vestfjarða hf., sveitarfélög, búnaðarsambönd
Tímaáætlun: 2002-2005
Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

2. Markvisst þróunarstarf

Markmið:

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða verði eftt til að standa í forystu í atvinnuþróun á öllum Vestfjörðum. Félagið hafi einnig veigamikil hlutverk í uppbyggingu rannsókn- og þróunarstarfs í atvinnulífi Vestfjarða.

Meginhugmynd:

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða sinnir verkefnum á víðu sviði og er það mat félagsins að árangur af starfi þess sé verulegur á sviði ferðaþjónustu og í verkefnum með starfandi fyrirtækjum og frumkvöðlum. Þessi árangur er hinsvegar lítt sýnilegur vegna slæmrar þróunar í frumatvinnugreinum og búsetuþróun svæðisins. Uppbygging þekkingarumhverfis, greining fjárfestingamöguleika og tillögur að útrás landshlutans eru síðan langtímaverkefni sem vænst er árangri af. Framangreind staða í þróun atvinnulífs og búsetu á Vestfjörðum kallar því á öflugra atvinnuþróunarfélag. Hjá félaginu eru fjögur stöðugildi og er það í raun umfram fjárhagsgetu þess. Það er mat félagsins að með fjölgun stöðugilda í átta til a.m.k. þriggja til fjögurra ára, má hrinda í gang metnaðarfullum verkefnum, ásamt því að geta rekið starfstöðvar á Patreksfirði og Hólmavík. Verkefnið skoðist í samhengi með tillögum um uppbyggingu starfsemi Þróunarseturs og uppbyggingu klasa um sjávarútveg.

Tillögur að verkefnum:

1. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða verði eftt til muna, með fjölgun stöðugilda og aðgangi að fjármagni til þess að gera úttektir eða kaupa að sérfræðiþjónustu í einstök verkefni. Þess utan er félagið ásamt öðrum atvinnuþróunarfélögum hluti af stuðningskerfi atvinnulífsins á sviði nýsköpunar, rannsókna og byggðapróunar. Ásamt byggðaáætlun liggja nú fyrir frumvörp á Alþingi um breytingar á framangreindum sviðum. Tryggja verður að þessar breytingar á starfsumhverfi félaganna verði til að efla þau til lengri tíma litið.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Sveitarfélög, Byggðastofnun, fyrirtæki

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: 60 milljónir á ári

2. Gengið verði frá langtíma samningum við atvinnuþróunarfélög sem hafa verið samningslaus við Byggðastofnun hátt í tvö ár.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Byggðastofnun, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: 150 milljónir á ári

3. Skilvirkt stuðningskerfi atvinnulífs

Markmið: Að jafna aðgengi atvinnulífs á Vestfjörðum að fjármagni til endurskipulagningar núverandi rekstrar og þróunar nýrra atvinnuskapandi hugmynda.

Meginhugmynd:

Tekið er undir tillögu tvö í þriðja kafla í stefnu í byggðamálum um aukna samvinnu opinberra sjóða sem sinna eiga eflingu atvinnulífs. En samhliða þarf að byggja upp sjóð sem fjárfestir á svæðisvísu. Sérstök umræða fari fram um aðkomu Byggðastofnunar að atvinnuþróunarfélögum og eignarhaldsfélögum. Samdráttur í frumframleiðslugreinum hefur haft í för með sér mikinn tekjumissi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Fjárhagslegt bolmagn þeirra er því verulega skert til að mæta samdrætti og laga sig að nýjum aðstæðum, m.a. með vöruþróun og sókn á nýja markaði.

Tillögur að verkefnum:

1. Endurskoðuð verði samþykkt um eignarhaldsfélög sem byggir á samþykkt byggðaáætlunar frá 1999 - 2001 þar sem m.a. er kveðið á um að allt að 120 mkr framlag Byggðastofnunar til eignarhaldsfélaga að uppfylltu skilyrði um 60 % mótframlag „heimaaðila“ s.s. sveitarfélaga, einstaklinga og fyrirtækja. Breytingin feli í sér beint framlag Byggðastofnunar án skilyrða um mótframlag þar sem reynslan hefur sýnt að erfitt er að ná tilskyldu mótframlagi vegna fjárhagsaðstæðna á svæðinu.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Byggðastofnun

Tímaáætlun: Ákvörðun liggja fyrir mitt ár 2002

Kostnaður: 120 milljónir

2. Byggðastofnun verði heimilað í lögum að veita stofnstyrki til nýsköpunar atvinnulífs og að hluta til áhættufjármagn til nýsköpunar- og þróunarstarfs.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Byggðastofnun

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

3. Komið verði á fót þróunarsjóði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafi það hlutverk að styðja við nýsköpun og endurskipulagningu fyrirtækja. Miðað er við að fjármagn verði sótt í lánastofnanir og sjóði og þróunarsjóðurinn geti veitt ábyrgð gagnvart þessum stofnunum. Sjóðurinn hafi einnig það hlutverk að veita langtímalán á lágum vöxtum.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Byggðastofnun, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, aðrir opinberir sjóðir

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

4. Stefnumótun í atvinnugreinum með framleiðslustýringu

4.1 Landbúnaður

Markmið:

Að bændur á Vestfjörðum fái að njóta þess að þar eru góðar aðstæður til landbúnaðar, nægt beutiland og ósýktir búfjárstofnar.

Meginhugmynd:

Landgæði eru víðast með ágætum á Vestfjörðum og því hægt að auka framleiðslu búvara verulega án þess að gengið sé á gróður jarðar. Árangur í sauðfjárrækt hefur verið framúrskarandi á svæðinu og þá sérstaklega á Ströndum og í Reykhólahreppi.

Tillögur að verkefnum:

1. Staðið verði við gildandi búvörusamning, einkum gæðastýringarkafllann sem nýst gæti Vestfirskum sauðfjárbændum betur en öðrum vegna landgæða.

Ábyrgð á framkvæmd: Landbúnaðarráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Búnaðarsamböndin

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Enginn umfram fyrri ákvarðanir.

2. Bygðastofnun komi með afgerandi hætti með hlutafé og lánveitingum að uppbyggingu tæknivædds sláturhúss og úrvinnslu afurða á Ströndum þar sem rekjanleiki afurðanna, heilbrigður búfjárstofn, hreinleiki og umhverfisþættir verði hafðir að leiðarljósi. Nú þarf að flytja stærstan hluta sláturfjár og alla stórgripi til slátrunar um langan veg og er það óásættanlegt.

Ábyrgð á framkvæmd: Bygðastofnun

Aðrir þátttakendur: Bændur á Vestfjörðum,

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

3. Við mjólkurframleiðslu og vinnslu á norðanverðum Vestfjörðum eru 35 – 40 bein störf. Verkefni meðal mjólkurbænda á svæðinu um eflingu mjólkurframleiðslu er í gangi. Hið opinbera þarf að koma að slíku framfaramáli.

Ábyrgð á framkvæmd: Bygðastofnun

Aðrir þátttakendur: Lánasjóður landbúnaðarins, Mjólkursamlag Ísfirðinga, mjólkurframleiðendur á svæðinu.

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

Annað: Þar sem mun auðveldara og ódýrara er að viðhalda störfum sem fyrir eru en að búa til ný í stað glataðra skal líta á þetta mál sem mikilvægt bygðamál.

4. Fylgst verði náið með stöðu mjólkurframleiðslu í Barðastrandarsýslu þannig að gripið verði strax til aðgerða ef stefnir í að framleiðsla svæðisins fari niður undir það magn sem afurðarstöð telur hagkvæmt að sækja.

Ábyrgð á framkvæmd: Byggðastofnun
Aðrir þátttakendur:
Tímaáætlun: 2005-2005
Kostnaður: Enginn nema til aðgerða komi

4.2 Skógrækt

Markmið:
Skógrækt verði valkostur fyrir bændur á Vestfjörðum.

Meginhugmynd:
Skógrækt er orðin atvinnuvegur á Vestfjörðum og nú eru um 100 jarðir að hefja skógrækt í atvinnuskyni. Í fyrstu athugun á skógræktarskilyrðum á Vestfjörðum (rit Mógilsár 2001) er staðfest að á öllum svæðum Vestfjarða er að finna svæði sem gefa vöxt vel yfir lágmarki efnahagskrafna.

Tillögur að verkefnum:

1. Skjólskógaverkefnum á Vestfjörðum (Skjólskógar á Vestfjörðum) verði tryggð örugg og stöðug fjárveiting til þess að áætlanir um skógrækt geti staðist og áframhaldandi uppbygging átt sér stað.

Ábyrgð á framkvæmd: Landbúnaðarráðuneyti
Aðrir þátttakendur: Skjólskógar og samstarfsaðilar
Tímaáætlun: Skógrækt er langtímaverkefni metið í kynslóðum
Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

5. Efling sveitarfélaga

Markmið:

Að efla sveitarstjórnarstigið svo sveitarfélögin séu öflugar stjórnsýslueiningar sem geti tekið að sér sem flest verkefni fyrir samfélagið. Efla staðbundið lýðræði, auka gæði þjónustunnar og styrkja byggðarlögin með öflugri sveitarfélögum.

Skerpa sameiginlegan skilning ríkisvaldsins og sveitarfélaganna á nánú samstarfi og samráði um málefni sveitarfélaga og ríkis. Tryggja fjárhagslegt sjálfsforræði sveitarfélaga og auka skilning á mismunandi rekstrarforsendum sveitarfélaga eftir samsetningu þeirra.

Meginhugmynd:

Tekið er undir hugmyndir í kafla um sveitarfélög í þingsályktun að byggðamálum.

Að auki er lögð sérstök áhersla á að unnið verði með sveitarfélögum á Vestfjörðum að svæðisskipulagi fyrir Vestfirði í heild. Tekjujöfnun sveitarfélaga þarf að vera til staðar og taka þar sérstaklega tillit til þess hversu sveitarfélög eru misjöfn að gerð. Ekki er nóg að bera saman mannfjölda sveitarfélaga heldur þarf í auknum mæli að taka tillit til þess hvernig þau eru samsett, sérstaklega eftir sameiningar sveitarfélaga. Eitt sveitarfélag getur verið margir byggðakjarnar. Slíkt sveitarfélag þarf hlutfallslega meiri tekjur en sambærilegt sveitarfélag hvað varðar mannfjölda en með einn byggðakjarna.

Einnig þarf að taka enn frekar tillit til sveitarfélaga sem hafa misst frá sér íbúa og verða fyrir tekjuskerðingu vegna þess. Sama þjónustustigi þarf að halda þó tekjur sveitarfélagsins lækki.

Tillögur að verkefnum:

1. Gert verði samkomulag milli sveitarfélaga á Vestfjörðum, iðnaðar- og viðskiptaráðherra (ráðherra byggðamála) og umhverfisráðherra um gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði. Kostnaðargreina þarf nauðsynlegar framkvæmdir og vinna aðgerðaráætlun verkefna.

Ábyrgð á framkvæmd: Umhverfisráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Fjórðungssamband Vestfirðinga

Tímaáætlun: 2003-2007

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn.

2. Sveitarfélögum verði bættur sá tekjumissir sem þau kunna að verða fyrir þegar einstaklingar skipta yfir úr einstaklingsrekstri í einkahlutafélagsform. Nýleg lög hvetja til slíkra breytinga.

Ábyrgð á framkvæmd: Fjármálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Um tilfærslu fjármuna er að ræða, ekki aukinn kostnað.

3. Gerð verði útekt á tekjuþörf sveitarfélaga eftir samsetningu þeirra. Sérstaklega verði skoðað hvernig tekjuþörf sameinaðra sveitarfélaga með marga byggðakjarna breytist.

Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímaáætlun: 2002

Kostnaður: 1 milljón

6. Búsetuskilyrði

Markmið:

Að búsetuskilyrði á Vestfjörðum verði í samræmi við kröfur sem gerðar eru í nútíma þjóðfélagi og ekki verri en annars staðar á landinu, þar með talið á höfuðborgarsvæðinu.

Meginhugmynd:

Ýmislegt hefur áunnist á undanförunum árum í jöfnun búsetuskilyrða á landinu. Má sem dæmi nefna lækkun húshitunarkostnaðar, bættar samgöngur og framboð menntunar. Þó er víða langt í land. Í sjöttu tillögu í þingsályktun um stefnu í byggðamálum kveður á um athugun á búsetuskilyrðum fólks. Tekið er undir að mikilvægt sé að hafa fullan skilning á mismunandi búsetuskilyrðum en jafnframt bent á að á síðustu árum hefur mikið verið unnið í að greina mismunandi búsetuskilyrði og nú er þörf aðgerða frekar en kannanna.

Tillögur að verkefnum:

1. Börn eigi kost á námi í heimabyggð þar til þau komast á sjálfræðisaldur 18 ára.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Sveitarfélög, framhaldsskólar

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: hefur ekki verið metinn

Annað: Vísað er til þess sem stendur um menntun í öðrum kafla í tillögu um stefnu í byggðamálum, en þar er sérstaklega tiltekið að mikilvægt sé að halda áfram uppbyggingu framhaldsskóla í landinu og miða við að sem flest ungmenni geti sótt skóla daglega frá heimili sínu, a.m.k. til 18 ára aldurs.

2. Jöfnunarstyrkir til nemenda úr dreifbýli sem stunda nám á framhaldsskólastigi fjarri heimilum, verði auknir svo námskostnaður barna verði ekki til að fólk flytji úr heimabyggð.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Fjármálaráðuneyti

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

3. Efling Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða samanber 18. tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum. Sjá lið 1.5 – Nýting sóknarfæra í atvinnulífi, mennta- og rannsóknastofnanir. Aðgangur að námi, hvort heldur er á háskólastigi eða endur- og símenntun er mikilvægur þáttur í jöfnun búsetuskilyrða. Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur þegar sannað gildi sitt með þátttöku í uppbyggingu fjarnáms á Vestfjörðum og því er mikilvægt að standa vel að baki stofnuninni.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Fræðslumiðstöð Vestfjarða, háskólar, sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

5. Efla þarf þjónustukjarna á hverju atvinnusvæði Vestfjarða og tryggja að þar sé til staðar öll sú þjónusta sem krafist er í nútíma samfélagi. Ríkisvaldið þarf að kappkosta að viðhalda opinberri þjónustu á þessum stöðum, s.s. heilsugæslu, vegagerð, rafveitu og sýslumannsembætti. Samdrætti á sviði afgreiðslu t.d. í bönkum og pósthúsum verið mætt með auknum miðlægum verkefnum innan þessara stofnana. Gera þarf ráð fyrir verulegum flutningi verkefna til starfstöðva á landsbyggðinni og ávallt að huga að möguleikum á að setja nýjar stofnanir niður utan höfuðborgarsvæðisins.

Ábyrgð á framkvæmd: Málið er þess eðlis að það snertir flest ráðuneyti. Ábyrgð hjá forsætisráðuneyti í samstarfi við félagsmála-, heilbrigðis-, dóms- og kirkjumála-, samgöngu-, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Sveitarfélög

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

6. Almennungi verði tryggð aðstaða til íþróttar- og heilsuefningar. Öflugt menningar- og mannlíf er nauðsynlegt á smærri stöðum sem stærri, því er þung áhersla lögð á öflugt íþróttar- og félagslíf. Uppbygging slíkra mannvirkja geta reynst sveitarfélögum mjög erfið fjárhagslega og finna þarf leiðir til að ríkisvaldið geti komið að því með sterkari hætti en nú er.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Sveitarfélög

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

7. Tekið er undir 20. tillögu í þingsályktun um stefnu í byggðamálum sem kveður á um afslátt á endurgreiðslu námslána. Fagnað er að þessi tillaga kemur nú að nýju fram en tillaga svipaðs efnis, frá nefnd um endurskoðun kjördæmaskipunar frá árinu 1999 hlaut víðtækan stuðning stjórnvalda en hefur ekki komið til framkvæmda enn sem komið er.

Ábyrgð á framkvæmd: Fjármálaráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Lánasjóður íslenskra námsmanna

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið áætlaður nú, en hefur áður verið áætlaður um 150 mkr.

Annað: Áætlun um 150 mkr kostnað byggir á tillögu nefndar sem sett var á laggirnar samhliða nefnd um endurskoðun kjördæmaskipunar og tilhögun kosninga til Alþingis. Hugmynd nefndarinnar var að endurgreiðsluhlutfall af tekjutengdri afborgun verði alltaf 1 prósentustig lægri en það er að jafnaði á lánum frá LÍN. Afsláttur verði þó aldrei lægri en 15% af árlegri fastri afborgun námslána.

9. Við setningu laga á Alþingi og aðrar meiriháttar ákvarðanir stjórnvalda fari fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á byggðaþróun.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti (ráðuneyti byggðamála)

Aðrir þátttakendur: Fer eftir eðli laga eða framkvæmda hverju sinni

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið áætlaður

7. Efling byggðakjarna

Markmið:

Að efla Vestfirði með Ísafjarðarbæ sem kjarna stjórnsýslu og menntunar á Vestfjörðum. Fjölga opinberum störfum á svæðinu og jafna aðstöðumun sem ríkir í búsetuskilyrðum og rekstrarumhverfi fyrirtækja. Mikilvægt er í þessu sambandi að horfa ekki eingöngu til uppbyggingar atvinnulífs heldur stefna líka að því að efla hvers kyns þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi og annað það sem bætir mannlíf og dregur fólk að.

Meginhugmynd:

Tekið er undir tillögur byggðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga um að byggð verði upp öflug kjarnasvæði sem hafi burði til að treysta búsetu í viðkomandi landshlutum og vera þannig kjölfesta fyrir byggð í landinu öllu. Ísafjarðarbær er eitt þessara svæða og mikilvægt er að unnið verður markvisst að því að treysta stöðu hans sem slíks. Sérstaklega skal bent á að Ísafjörður er næst stærsti byggðakjarni landsbyggðarinnar sé miðað við að höfuðborgarsvæðið nái upp fyrir Akranes og austur fyrir Selfoss.

Tillögur að verkefnum:

1. Unnin verði áætlun um styrkingu Ísafjarðarbæjar sem byggðakjarna á Vestfjörðum. Margar af þeim tillögum sem koma fram í þessari áætlun stuðla að því og er hér vísað í þær, s.s. bættar samgöngur á milli byggðakjarna, uppbyggingu rannsókn- og skólastarfs, menningarmála o.fl.

Ábyrgð: Iðnaðarráðherra

Aðrir þátttakendur: Ísafjarðarbær, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, fyrirtæki og stofnanir.

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: 20 milljónir

2. Samhliða uppbyggingu Ísafjarðarbæjar sem byggðakjarna verði þjónusta á öðrum atvinnusvæðum Vestfjarða treyst í sessi, eins og þegar hefur komið fram undir liðnum jöfnun búsetuskilyrða.

Ábyrgð: Iðnaðarráðherra

Aðrir þátttakendur: fagraðuneyti, sveitarfélög, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, fyrirtæki og stofnanir.

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

8. Bættar samgöngur

8.1 Samgöngur á landi

Markmið:

Að samgöngur innan Vestfjarða verði að sömu gæðum og aðrir stofnvegir landsins og geti þannig þjónað því hlutverki sínu að efla innviði svæðisins og tengsl þess við aðra landshluta.

Meginhugmynd:

Tekið er undir það sem fram kemur um bættar samgöngur í þingsályktun um stefnu í byggðamálum. Áherslur Vestfirðinga í samgöngumálum koma fram í samþykkt samgöngunefndar fjórðungsþings Vestfirðinga og niðurstöðum málþings um samgöngumál á Vestfjörðum sem haldið var í október 2001. Forgangsraða þarf framkvæmdum og horfa til þess að samhliða framkvæmdum innan Vestfjarða verði leiðin að þjóðvegi 1 stytt eins og framast er kostur, með jarðgöngum, þverun fjarða, endurbyggingu vega og brúa. Vegalengdir til höfuðborgarsvæðisins hafa mikil áhrif á ákvörðun fólks um búsetu og því eru samgöngumálin eitt af því allra mikilvægasta sem hægt er að gera í eflingu byggða. Tillögur um eflingu ákveðinna byggðakjarna byggja einnig á þessum sömu forsendum.

Tillaga að verkefnum:

1. Komið verði á heilsárs hringvegi um Vestfirði sem tengi saman þéttbýliskjarna. Í þessu felast umtalsverðar vegabætur, gangnagerð, uppbygging langra vegakafla, þveranir fjarða og brúargerð. Lagt er til að Vegagerðin fái fjármagn til að gera nauðsynlega úttektir, hanna mannvirki og útbúa framkvæmdaáætlun og því verði lokið fyrir mitt ár 2003. Forgangsverkefni er að tengja Vestur Barðastrandsýslu við vegakerfi landsins. Í dag er ekki fært landleiðina yfir vetrartímann á milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða og vegurinn á milli Vestur- og Austur- Barðastrandasýslu telst ekki vetrarvegur. Unnið er að úrbótum á þeim vegarkafli en hraða þarf þeim framkvæmdum, þannig að heilsárssamgöngur verði á milli Vestur- og Austur- Barðastrandarsýslna fyrir árslok 2004.

Ábyrgð: Samgönguráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Vegagerðin

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

2. Tenging við þjóðveg eitt verði bætt þannig að ekki taki lengri tíma en 2 ½-3 klst. að komast á hringveginn frá hverjum þjónustukjarna Vestfjarða. Nánari útfærsla er er í verkahring Vegagerðarinnar.

Ábyrgð: Samgönguráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Vegagerðin

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

3. Vegir til helstu ferðamannastaða á Vestfjörðum verði stórbættir þannig að slæmar samgöngur standi uppbyggingu í ferðaþjónustu ekki fyrir þrífum. Sem dæmi má nefna veg norður í Árneshrepp á Ströndum og út á Látrabjarg, en þúsundir ferðamanna fara þar um á hverju ári.

Ábyrgð: Samgönguráðuneyti
Aðrir þátttakendur: Vegagerðin
Tími: 2002-2005
Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

4. Almenningsamgöngur um Strandasýslu verði endurskoðaðar með tilliti til þarfa ferðaþjónustu, fyrirtækja, fjölskyldna og félagslífs. Sérleyfi verði athuguð frá þessu sjónarmiði. Brú í Hrútafirði verði gerð að eins konar samgöngumiðstöð þar sem samhæfðar verði ferðir áætlunarþreifa milli Reykjavíkur og Akureyrar, til Norðurlands, um Vesturland, Snæfellsnes og Dali, Vestfirði og Strandir.

Ábyrgð: Samgönguráðuneyti
Aðrir þátttakendur:
Tími: 2002-2005
Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

5. Gerð verði athugun á möguleikum á samstarfi sveitarfélaga og ríkis við að tengja Árneshrepp og aðra hluta Strandasýslu með almenningsamgöngum jafnt sumar sem vetur.

Ábyrgð: Samgönguráðuneyti
Aðrir þátttakendur: sveitarfélög
Tími: 2002-2005
Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

6. Í samræmi við áður framsettar kröfur sveitarstjórna í Vestur – Barðastrandasýslu verði siglingar Baldurs yfir Breiðafjörð aflagðar í árslok 2004 og þeim fjármunum, sem farið hafa í rekstur og fjármagnsgjöld vegna Baldurs bætt við það vegafé sem nú þegar er áætlað í Barðastrandasýslu.

Ábyrgð: Samgönguráðuneyti
Aðrir þátttakendur: Vegagerðin
Tímaáætlun: 2004
Kostnaður: Fjármagn færist til vega. Enginn viðbótarkostnaður.

8.2 Samgöngur í lofti

Markmið:

Stöðugleiki í flugi til norðanverðra Vestfjarða aukist með betri nýtingu flugmannvirkja hvort sem er á Ísafirði eða á Þingeyri. Eins verði flugsamgöngur á milli helstu þéttbýliskjarna á Vestfjörðum tryggðar yfir vetrartímam meðan samgöngur á landi eru ekki valkostur.

Meginhugmynd:

Á veturnum takmarkar stuttur dagur flugsamgöngur við Vestfirði. Ótryggar flugsamgöngur setja atvinnulífi og íbúum talsverðar skorður. Þingeyrarflugvöllur er í dag varavöllur fyrir Ísafjörð enda er oft fært þangað þegar veður hamlar flugi til Ísafjarðar. Völlurinn á Þingeyri nýtist ekki að öllu leyti þar sem hann er ekki með bundnu slitlagi og lengd flugbrautar takmarkar notkun hans. Einnig er ekki aðflugsbúnaður fyrir næturflug.

Tillögur að verkefnum:

1. Flugmálastjórn fari í úttekt á möguleikum til að auka stöðugleika í flugi til norðanverðra Vestfjarða. Horft verði bæði á núverandi flugvöll á Ísafirði sem og möguleika á uppbyggingu núverandi varaflugvallar á Þingeyri.

Ábyrgð: Samgönguráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Flugmálastjórn, flugrekstraraðilar

Tímaáætlun: Úttekt verði lokið á árinu 2002

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

2. Lögð er áhersla á að áfram verði tryggt flug á milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða meðan samgöngur á landi yfir vetrartímann eru ekki valkostur.

Ábyrgð: Samgönguráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Flugrekstraraðilar, sveitarfélög

Tími: Meðan samgöngur á landi eru ekki greiðar

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

8.3 Samgöngur á sjó

Markmið:

Að tryggja að sveitarfélög hafi bolmagn til að standa að nauðsynlegum endurbótum og viðhaldi hafna og samkeppnisstaða hafna á landsbyggðinni verði ekki skert miðað við hafnir á höfuðborgarsvæðinu.

Meginhugmynd:

Uppbygging hafna á síðustu áratugum hefur miðast við stækkun fiskiskipa og vöruflutningaskipa. Samdráttur í fiskveiðum hefur leitt til fækkunar stærri skipa og breytt útgerðamynstri með tilheyrandi tekjusamdrætti hafnarsjóða. Samt sem áður eru hafnir mikilvæg samgöngumannvirki og lífæð byggðanna á Vestfjörðum. Um er að ræða mannvirki sem búið er að leggja út í mikinn kostnað við en munu áfram þarfnast viðhalds til þess að gegna hlutverki sínu. Fyrir Alþingi liggja ný lög um hafnir sem mun gera viðhald og rekstur hafna erfiðari og þannig hafa neikvæð áhrif á bæði atvinnulíf og fjárhag sveitarfélaga.

9. Greiður aðgangur að fjarskiptum og upplýsingatækni

Markmið:

Aðgangur að fjarskiptum á Vestfjörðum verði ekki lakari en á öðrum stöðum landsins þar með talið höfuðborgarsvæðinu. Fjarskiptakostnaður á milli landshluta verði jafnaður á sama hátt og talsímakostnaður.

Meginhugmynd:

Góð fjarskipti eru og verða grunnþáttur í rekstri fyrirtækja og eru öllu atvinnulífi jafn nauðsynleg og örugg raforka og gott vegasamband. Sömu möguleikar eiga að bjóðast um land allt til að nýta upplýsinga- og fjarskiptatækni og skapa ný störf á þessu sviði. Tekið er undir það sem fram kemur í texta um fjarskipti í þingsályktun um stefnu í byggðamálum og þær tillögur sem snúa að fjarskiptum.

Tillögur að verkefnum:

1. Lokið verði við að tengja ljósleiðara á þá þéttbýlisstaði sem enn eru án ljósleiðara á Vestfjörðum þannig að næg bandvídd sé tryggð til framtíðar. Lögð er áhersla á að ljósleiðarasambönd Landssímans séu uppfærð í SDH-kerfi líkt og hefur verið gert annars staðar á landinu til að tryggja næga bandvídd. Bent er á að Strandir er eina svæði landsins sem ekki hefur aðgang að ljósleiðarasambandi Landssímans og í Reykhólahrepp liggur ljósleiðari með ströndinni sem hægt er að nýta betur. Gjaldtaka fyrir ljósleiðarasambönd verði endurskoðuð m.t.t. bættrar nýtingar.

Ábyrgð: Samgönguráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Landssíminn

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

2. NMT samband verði bætt á Vestfjörðum eftir því sem landfræðilegar aðstæður leyfa. Jafnframt verði uppbyggingu GSM kerfisins hraðað og komið upp GSM- og útvarpssambandi í Vestfjarðagöngum. Á Vestfjörðum eru langir kaflar þar sem ekkert farsímasamband er og er það ekki viðunandi fyrir íbúa jafnt sem ferðamenn.

Ábyrgð: Samgönguráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Landssíminn

Tímaáætlun: 2002-2004

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

Annað: Áriðandi er með tilliti til almannavarna að GSM kerfið sé virkt. Eftir að boðkerfi Landssímans var lagt niður er t.d. ekkert annað kerfi virkt til boðunar björgunarsveita eða slökkviliðs í Strandasýslu.

3. Sjálfsögð grunnþjónusta ljósvakamiðla sem telst eðlileg í nútímasamfélagi verði aðgengileg öllum íbúum Vestfjarða og á næstu miðum. Ráðist verði í úrbætur hið fyrsta t.d. með sérstöku dreifingarfélagi.

Ábyrgð: Samgönguráðuneytið

Aðrir þátttakendur:

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

4. Lokið verði sem fyrst við uppbyggingu breiðbandskerfis Landssímans þar sem það er vel á veg komið en jafnframt leitað leiða við að lækka flutningskostnað þannig að Landssíminn sjái sér fært að bjóða landsbyggðinni upp á breiðbandsþjónustu.

Ábyrgð: Samgönguráðuneytið

Aðrir þátttakendur: Landssíminn

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: Hefur ekki verið metinn

10. Aukið alþjóðlegt samstarf

Markmið:

Auka þátttöku fyrirtækja, stofnana, félagasamtaka og sveitarfélaga á Vestfjörðum í alþjóðlegum verkefnum.

Meginhugmynd:

Tekið er undir tillögu fimmtán um alþjóðlegt samstarf í byggðamálum en til þess að tillagan nýtist Vestfirðingum beint, er nauðsynlegt að auka við núverandi aðstoð sem býðst á þessu sviði á svæðinu. Eins og getið er í tillögunni eru aukin tækifæri að skapast fyrir þátttöku Íslendinga í alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Þátttaka í slíkum verkefnum krefst mikils undirbúnings og oft skortir nauðsynlega þekkingu og reynslu á alþjóðasamstarfi til að stíga fyrstu skrefin. Það sama á við um mörg fyrirtæki, en meginhluti atvinnulífs Vestfjarða byggir á útflutningsiðnaði. Í stað stórra sölusamtaka er sífellt algengara að fyrirtæki séu í beinu markaðsstarfi erlendis og þurfi aðstoð til að brjóta ísinn og koma sér upp þeirri þekkingu sem til þarf.

Tillögur að verkefnum:

1. Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða verði gert kleyft að ráða alþjóðafulltrúa sem hafi það verkefni með höndum að liðsinna sveitarfélögum, stofnunum og félagasamtökum sem hyggja á þátttöku í alþjóðlegum verkefnum. Jafnframt muni sá fulltrúi aðstoða fyrirtæki á Vestfjörðum við kynningar- og markaðsmál erlendis.

Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, utanríkisráðuneyti

Tímaáætlun: 2002-2005

Kostnaður: 8 milljónir á ári

Annað: Þetta verkefni skoðast í samhengi við tillögu um að efla starfsemi Atvinnuþróunarfélagsins, sjá undir markvisst þróunarstarf.